

**REGLUGERÐ**  
**um breytingu á reglugerð nr. 690/2020,**  
**um tímabundna endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna.**

1. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2020“ í 1. og 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar kemur: 31. desember 2021.

2. gr.

Fyrirsögn 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður svohljóðandi: Leiðrétting endurgreiðslna vegna mannvirkja.

3. gr.

Í stað „6. mgr.“ í 9. gr. reglugerðarinnar kemur: 7. mgr.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 7. mgr. ákvæðis til bráðabirgða nr. XXXIII og 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða nr. XXXIV við lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, sbr. 1. mgr. 49. gr. sömu laga, og öðlast þegar gildi.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 21. desember 2020.*

F. h. r.

**Helga Jónsdóttir.**

---

*Hlynur Ingason.*